

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2015



Reykjavík, febrúar 2016

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2015

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Bragi Þorgrímur Ólafsson
Helga Guðmundsdóttir
Ragnheiður Kristjánsdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>
www.facebook.com/Kvennasogusafn-Islands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd. Hana skipuðu árið 2015:

Bragi Þorgrímur Ólafsson, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands
Ragnheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi RIKK

Starfsmenn

Auður Styrkárssdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún hefur verið í 80% starfi frá ársbyrjun 2010. Aðrir starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagsamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu.

Á árinu 2015 rituðu 117 einstaklingar nafn sitt í gestabók, þar af 18 karlar. Skráð voru 22 símtöl við karlmenn og 121 við konur, 43 tölvusamskipti við karlmenn og 162 við konur. Erindin voru eðlilega mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim.

Safninu bárust 23 einingar árið 2015. Meðal aðfanga má nefna gögn úr starfi Kvenfélags Árneshrepps, félags sem stofnað var 1926 og hætti störfum 2006, og stórt gagnasafn úr fórum Sigríðar Björnsdóttur, listakonu og listþerapista.

Aðföng Kvennasögusafns eru skráð í sérstaka skrá sem geymd er á Kvennasögusafni. Á heimasíðu safnsins má finna upplýsingar um gögn kvenfélaga sem kosið hafa að geyma skjöl sín hjá Kvennasögusafni. Á árinu 2013 var hafin vinna við rafræna skráningu þeirra skjalasafna sem í safninu eru og þau skráð í vefinn einkaskjol.is. Við árslok 2015 höfðu 85 skjalasöfn verið skráð þar inn.

Haldið var upp á 40 ára afmæli Kvennasögusafns á afmælisdegi stofnanda þess, Önnu Sigurðardóttur, þann 5. desember, með dagskrá í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands. Þar var Önnu minnst og starfs hennar í þágu íslenskrar kvennabaráttu og kvennasögu auk þess sem saga Úanna, ungra kvenna í Kvenréttindafélaginu kringum 1970, var rifjuð upp.

Dagskrá:

- Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari léku á hljóðfæri í upphafi fyrir framan salinn
- Setning: KÍ Auður Styrkárdsóttir - KRFÍ Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
- Fyrirlestur: Þórunn María Örnólfsdóttir sagnfræðingur
- Einnig koma fram Úrnar : Ásdís Skúladóttir leikstjóri, Gullveig Sæmundsdóttir blaðamaður og Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur
- Hátíðarslit: KRFÍ Tatania Latinovitch - KÍ Auður Styrkárdsóttir

Heimsóknir á vef Kvennasögusafns eru fjölmargar á ári hverju, og sérstakur teljari fylgist með umferð. Á árinu 2015 voru innlit 15.442 talsins, fjölgaði frá árinu 2014 en þá voru þau um 13.000. Um 80% innlita kemur frá leitarvélum. Vinsælustu undirsíðurnar voru „Women’s suffrage in Iceland“ og „Kosningaréttur kvenna“.

Forstöðukona Kvennasögusafns var kjörin formaður Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á fundi kvennasamtaka og annarra sem láta sig jafnrétti karla og kvenna varða, sem forseti Alþingis kallaði til 14. september 2013. Á árinu 2015 hélt Framkvæmdanefndin fjölmarga fundi, en formaður nefndarinnar vann náíð með

framkvæmdastjóra og sótti ótal fundi aðra sem formaður nefndarinnar, ýmist á vinnutíma eða utan.

Forstöðukona var kjörin af hálfu Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í 4urra manna ritnefnd afmælisrits sem mun koma út á árinu 2020. Aðrir í ritnefnd eru Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, kjörin af framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, Guðni Th. Jóhannesson, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, valinn af Sögufélagi, og Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur, valinn af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Kynningarmál

- Erindi á fundi hjá Etadeild samtakanna Delta Kappa Gamma um stöðu íslenskra kvenna og kosningaréttinn, 4. febrúar

- Erindi hjá Zontaklúbbum Emblur, 19. mars, um þróun kosningaréttar kvenna

- Erindi hjá Konubókastofu á Eyrarbakka um kosningaréttinn 1915 og helstu atburði ársins 2015, 22. mars:

„KOSNINGARÉTTUR- KVENNABARÁTTA OG FRAMTÍÐARHORFUR“ í Rauða húsinu

14:00: Anna Jónsdóttir, forstöðukona Konubókastofunnar, segir nokkur orð.

14:05: „Fiskispaði með götum.“Hildur Hákonardóttir, listakona og rithöfundur segir frá hugleiðingum sínum um kvennabaráttuna.

14:25: „Kosningarétturinn“. Auður Styrkárdsóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og formaður afmælisnefndar um 100 ára kosningarétt kvenna, segir frá kosningaréttinum 1915 og hátíðahöldum 2015.

14:45: Margrét Eir, söng- og leikkona syngur nokkur lög fyrir gesti.

15:00: Hlé. Veitingar í boði.

15:15: „Líf og störf Bríetar Bjarnhéðinsdóttur“: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, bókmenntafræðingur og framkvæmdarstýra Kvenréttindafélags Íslands, segir frá kvenréttindarkonunni Bríeti

15:30: Hallgerður Freyja Þorvaldsdóttir og Halldóra Íris Magnúsdóttir, námsmeyjar með meiru, segja frá því hvernig það er að vera ungar konur Íslandi í dag.

15:45: Almennar umræður. Fundarstjórar stýra umræðum.

- Ávarp á fundi Kvenréttindafélags Íslands á Hallveigarstöðum um Sigurð Jónasson frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og bókina „Kúgun kvenna“ eftir John Stuart Mill, 29. apríl

- Erindi um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og alþjóða kvenréttindabaráttuna á málþingi við opnun sýningarinnar „Vér heilsum glaðar framtíðinni“ í Þjóðarbókhöfu, 16. maí. Málþingið bar heitið:

„Veröld sem ég vil“. Þverþjóðleg rýni baráttunnar fyrir kosningarétti“.

Dagskrá:

Móttaka og gestir boðnir velkomnir: Rósa Bjarnadóttir, fagstjóri

Auður Styrkárdsóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands: „Mér fannst eg finna sjálfa mig undireins og eg var laus við landann.“ Bríet Bjarnhéðinsdóttir og alþjóða kvennabaráttan.

Björg Hjartardóttir, sagn- og kynjafræðingur: Lesið í Freyju. Hugmyndir um kvenfrelsi í Vesturheimi.

Guðný Gústafsdóttir, kynjafræðingur: Konur og þegnrettur í íslenskum samtíma.

Hljómsveitin Ylja spilar
Opnun sýningar og vefs
Veitingar
Fundarstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur

- Safnið tók þátt í: „Átak í söfnun á skjölum kvenna“, sem Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn hrintu af stokkunum 19. mars

- Tók saman lista yfir konur sem ruddu brautina á Alþingi, fyrir Jafnréttisviðurkenningu Velferðarráðuneytis 2015

- Tók saman efni um konur á Seltjarnarnesi í upphafi 20 aldar fyrir göngu 19. júní 2015, fyrir menningar- og samskiptasvið Seltjarnarness

- Erindi á opnum fundi á „Fundi fólksins“ í Norræna húsinu 12. júní:

Dagskrá:

Inngangsorð: Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar

Dr. Auður Styrkárdsóttir, stjórn málafræðingur og forstöðukona Kvennasögusafns Íslands, ræðir sögu kosningaréttarins í Danmörku og á Íslandi.

Rithöfundarnir Leonora Christina Skov og Gerður Kristný flytja ræður um sína sýn á stöðu kvenna í sínum löndum, bæði í nútíð og fortíð.

Fundarstjóri er Charlotte Bøving, leikkona og leikstjóri.

- Ávarp við afhjúpun minningarstöpsuls um Sigurð Jónasson, þýðanda “Kúgunar kvenna” eftir John Stuart Mill, á Blönduósi, 25. júní

Dagskrá:

Valgarður Hilmarsson forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Þór Jakobsson veðurfræðingur, verkefnisstjóri

Kristín Margrét Sigurðardóttir fyrir hönd fjölskyldunnar

Brynhildur Heiðar og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Auður Styrkárdsóttir forstöðumaður Kvennasögusafnsins og formaður Alþingisnefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Ungmennir á Blönduósi kipptu í spottann.

- Erindi flutt í Þjóðarbókhöllu fyrir stóran hóp Soroptimista í Garðabæ um Kvennasögusafn Íslands, 2. nóvember

- Erindi á málþingi á vegum Fljótsdalshéraðs, haldið á Hótel Héraði á Egilsstöðum, 6. Nóvember:

Kosningaréttur kvenna í 100 ár: Konur í stjórn málum, reynsla og lærdómur

Setning: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fulltrúi í undirbúningshópi málþingsins

„Karlveldið lagt að velli (friðsamlega)“. Auður Styrkárdsóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og formaður Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

„Stjórn málaþátttaka íslenskra kvenna í alþjóðlegum samanburði“. Rósa Guðrún Erlingsdóttir,

stjórn málafræðingur og sérfræðingur í jafnréttismálum í velferðarráðuneyti

„Úr Reynslubankanum“. Arnbjörg Sveinsdóttir, atvinnurekandi, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar og fyrrverandi alþingiskona

„Áskoranirnar 100 árum síðar – brjóstabylting og kynskiptur vinnumarkaður?“ Líneik Anna Sævarsdóttir, Alþingismaður með reynslu úr sveitarstjórnarmálum, menntamálum og lífi og starfi á Austurlandi

„Ertu maðurinn hennar Kötú? Hvað er að fréttu af tvíburunum?“ Bjarni Bjarnason, rithöfundur „Togstreita“. Sigrún Blöndal, húsmóðir, kennari, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og formaður SSA Pallborðsumræður

- Erindi í Ráðhúsi Reykjavíkur, 14. desember

Stelpur stjórna!

15.00 **Setning málfings**

Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks setur þingið.

15.05 **Erindi**

Auður Styrkársdóttir forstöðumaður Kvennasögusafns og formaður framkvæmdanefndar

15.25 **Pallborðsumræður- sætustu sigrar og stærstu áskoranir í borgarstjórn.**

Í pallborði eru:

Hanna Birna Kristjánsdóttir frá Sjálfstæðisflokki, Sigrún Magnúsdóttir frá Framsóknarflokki, Svandís Svavarsdóttir frá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, Guðrún Ögmundsdóttir frá Samfylkingu og Guðrún Jónsdóttir frá Kvennaframboðinu sem munu ræða sína sætustu sigra og stærstu áskoranir. Hver fær 7 mínútur á framsögu.

16.15 **Umræður og fyrirspurnir**

Fundarstýra: Sirrý Arnardóttir sjónvarpskona á Hringbraut

16.30 Skemmtiatriði

17.00 Móttaka

Forstöðukona hélt auk þessa fjölda minni erinda og ávarpa í embætti sínu sem formaður framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Hún sótti einnig marga viðburði sem félagasamtök og söfn stóðu fyrir í tilefni afmælisins, einkum á höfuðborgarsvæðinu, en einnig á Suðurlandi, á Akranesi og í Borgarfirði.

Forstöðukona ritaði nokkrar greinar í blöð vegna starfa sinna sem formaður framkvæmdanefndar. Hún kom fram í útvarpi og sjónvarpi.

Fræðigreinar:

Forstöðukona birti eina fræðigrein á árinu 2015:

„Konan sem týndist: Sigríður E. Magnússon (1831-1915)“.

Birtist í *Andvara* 2015

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender.

Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og nær yfir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Starfið framundan

Handritasafn Landsbókasafns, Kvennasögusafn Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu vinna saman að innleiðingu og skráningu skjalasafna sinna í sameiginlegan gagnagrunn. Fyrirhugað var að opna þennan grunn fyrir almenningi síðla árs 2014, en það verk tafðist sökum mikilla anna allra aðila, en opnaði á árinu 2015. Mikil vinna mun verða fólgin í því að skrá safnið í þennan grunn á næstu árum.

Árið 2015 voru liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Alþingi setti á fót nefnd til undirbúnings hátíðahöldum á árinu 2015 og á fjárlögum var úthlutað samtals 98 milljónum til þessa verkefnis. Forstöðukona Kvennasögusafns var kjörin formaður nefndarinnar. Opnaður var vefur á vegum nefndarinnar og má þar sjá þau verkefni sem hún stendur að, sjá <https://kosningarettur100ara.is>. Undirbúningurinn krafðist mikillar vinnu og féll sumt innan vinnutíma forstöðukonu og annað utan. Ljóst er að framlag Kvennasögusafns til þess verkefnis var mikið, bæði beint og óbeint. Það er mikils metið í samfélaginu og hróður Kvennasögusafns óx fremur en hitt af þátttökunni.

Árið 2017 verða liðin 500 ár frá því Marteinn Lúter negldi blað á hallarkirkjuhurðina í Wittenberg, en sá atburður er talinn marka upphaf siðbótar. Fræðimenn við Háskóla Íslands hafa myndað áhugahópa um rannsóknir er tengjast siðbót og lýðræði og á forstöðukona Kvennasögusafns sæti í stýrihóp verkefnisins. Hjá Kvennasögusafni eru varðveitt gögn Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík sem þykja áhugaverð í þessu samhengi, auk þess sem forsvarsmenn verkefnisins vilja tryggja að hlutur kvenna verði ekki fyrir borð borinn.

Aðföng 2015

Handrit

23. febrúar Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík, afhenti gögn úr fólum Ingibjargar H. Bjarnason (1867-1941), skólastýru Kvennaskólans í Reykjavík 1906-1941 og þingkonu 1922-1930. Nokkur bréf, tvær buddur og 2 ljósmyndir.
8. mars tók forstöðukona safnsins við gögnum frá Stígamótum sem þá fögnuðu 25 ára starfsafmæli. Þetta eru fundagerðabækur félagsins og prentaðar ársskýrslur í tveimur bindum. Fundagerðabækur verða lokaðar um skilgreindan tíma, en ársskýrslur skráðar á Kvennasögusafn og geymdar þar.
25. mars afhenti Anney Bæringsdóttir gögn Kvenfélags Álftaness frá 1984-2012. Gögnin komu í 4 stórum pappakössum og eru viðbætur við skjalasafn félagsins hjá Kvennasögusafni.
27. mars afhenti Edda Margrét Jensdóttir gögn Kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu, viðbætur við KSS 218. Gögnin eru fundagerðabækur, bréf o.fl. og ná yfir árin frá 1992-2013, einn stór pappakassi.
20. apríl færði Birna Einarsdóttir, líffræðingur Neðstaleiti 7, safninu dagbók úr fólum móður sinnar, Þorbjargar Björnsdóttur (1919-1987), frá árinu 1938 er hún var í Duisburg hjá Erbach-hjónunum. Bókin er 10,5x16,4 cm.
(Sá Hitler tvisvar sinnum 30. apríl í Köln. Hellt bensíni í Geysi 2. júlí fyrir þýska knattspyrnuliðið, ...).
11. maí barst um hendur Þóreyjar Guðmundsdóttur (s. 6944216) ljósritið „Elísabet Stefánsdóttir á Illugastöðum“. Stefanía Kemp tók saman árið 2014. 24 bls. með fjölda mynda.
22. maí afhenti Sigríður Björnsdóttir, listþerapisti, 22 stóra pappakassa með gögnum sem tengjast ferli hennar sem þerapista, bæði innlend og erlend gögn.
4. júní afhenti Sólveig Stefanía Jónsdóttir, Hlíðavegi 6, Grundarfirði, stóran pappakassa með gögnum úr starfi Kvenfélags Árneshrepps, félags sem stofnað var 1926 og hætti störfum 2006.
18. júní sendi Björn Bergsson safninu æviágrip móður sinnar, Hjördísar Pétursdóttur (1919-1971), tónlistarkonu.

20. ágúst kom Rannveig Jónsdóttir (f. 1935) með til Kvennasögusafns 4 stóra pappakassa með gögnum; Rauðsokkahreyfingin, Kvennaárið 1972, baráttan gegn mansali og vændi 1999-2000, blaðaúrklippur tengdar þessum atburðum auk annarra atburða. Efnið verður borið saman við það sem fyrir er í Kvennasögusafni.
14. september færði Helga Guðmundsdóttir Kvennasögusafni kassa með skjölum frá Hagsmunanefnd heimavinnandi húsmæðra, sem stofnuð var á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík 26. febr. 1984, og Landssamtökum heimavinnandi fólks, sem stofnuð voru 21. jan. 1989.
13. október afhenti Björgvin Salómonsson, Skeiðarvogi 29, s. 5581827, ýmis gögn úr fórum móðursystur sinnar, Sigurlínar Guðbrandsdóttur (1907-1966), kompubækur, leikskrár, erfðaskrá o.fl.

Annað

9. apríl færði Guðrún Ingólfssdóttir safninu tvö eintök af ritinu „Ævi alþýðustúlku á fyrri hluta 20. Aldar“ sem Pálmi Ingólfsson gekk frá til prentunar og útgáfu. Áður hafði Guðrún afhent disk með sama efni (sjá Aðfangaskrá 26. júlí 2011), sem verður afhentur Guðrúnu í skiptum fyrir ritið.
9. apríl gaf Ragnar Halldórsson safninu 5 eintök af videóspólunni „President Vigdís“, kvikmynd sem hann gerði eftir að Vigdís Finnbogadóttir lét af embætti 1996 og birtist fyrst 2001 undir heitinu „Ljós heimsins“ í sjónvarpinu.
12. maí gaf Guðríður B. Helgadóttir (f. 16. mars 1921) safninu bókina *Þessi kona í máli og myndum frá 1921-?*. Gefin út á kostnað höfundar árið 2015. Í safninu var til nokkurt efni henni tengt, sjá öskju 590.
30. júlí sendi Bára Stefánsdóttir, forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga, eftirfarandi rit: *Gálgás*, rit Alþýðubandalags Héraðsmanna 1. tbl. 1985 (gefið út af konum í tilefni loka kvennaáratugar); *Gálgás*, rit Alþýðubandalags Héraðsmanna 4. tbl. 1985 (inniheldur m.a. grein um kvennafrídaginn á Egilsstöðum); *Samband ausfirskra kvenna 60 ára, afmælisrit*. Útg. 1988.
4. ágúst barst frá Jóni Ögmundi Þormóðssyni (s. 5687250) lúin útgáfa af ritinu *Leiðarvísir til að nema ýmsar kvennlegar hannyrðir*, útg. 1886. Góð eintök eru til á Kvennasögusafni.
21. september færði Edda Magnúsdóttir safninu mörg tbl. af Fréttabréfi Kvennalistans. Fyrir í safninu eru öll eintökin innbundin. Boðið Landsbókasafni.

21. september færði Þóra Sæunn Úlfsdóttir safninu tvo kassa úr dánarbúi Sæunnar Friðjónsdóttur, Sigurmundar Gíslasonar og Margrétar Sigurmundsdóttur. Meðal gagna voru tímaritin Embla og Melkorka sem Sæunn Friðjónsdóttir hafði bundið inn. Einnig voru úrklippur um Vigdísí Finnbogadóttur, Kristján Eldjárn og Halldór Laxness. – Tímaritin eru öll til hjá Kvennasögusafni, þessi eintök verða því boðin Landsbókasafni.
24. september gaf Mörður Árnason nokkrar ljósmyndir úr fórum móður sinnar, Vilborgar Harðardóttur; tvær myndir af íslenskum fulltrúum (?) á S.Þ. kvennaráðstefnu í Kaupmannahöfn 1980; myndir og filmur frá láglaunaráðstefnunni í Lindarbæ í janúar 1975.
20. október afhenti Hildur Jónsdóttir, Boðagranda 4, Eldhúsbókina 1959-1966 í þremur möppum. Einnig hálsmen með gylltu Rauðsokkumerki í leðuról og krosssaumsuppskrift að Kvennafrídagsmerkinu.
21. október afhenti Borghildur Óskarsdóttir filmu að 15 ljósmyndum sem hún tók á Kvennafrídaginn 24. október 1975. Kvennasögusafni er heimilt að nýta myndirnar á hvern þann hátt sem þurfa þykir, en ljósmyndara skal getið.
19. nóvember færði Guðrún Lára Ásgeirsdóttir safninu eintak af bók sinni „Á meðan ég man – atburðir ævi minnar. Fyrri bindi.“ Útgefandi Guðrún Lára sjálf. Annað eintak hafði hún með sem komið verður til aðfanga Landsbókasafns.
25. nóvember sendi Kristín Þorkelsdóttir safninu í pósti sýningarskrá sem ber heitið „Ásýnd samferðamanna á lífsleiðinni“. Skráin var gefin út í tilefni af sýningu hennar í Listasafni Mosfellsbæjar 18. september – 11. október 2015.